

Skýrsla stjórnar Leiknar fyrir starfsárið 2024–2025

1. Stjórnarmeðlimir og verkaskipting

Á fyrsta stjórnarfundum starfsársins (17. október 2024) skipti stjórnin með sér verkum sem hér segir:

- Formaður: Helen Gray (Iðan)
- Varaformaður: Guðrún Vala Eiríksdóttir (Símenntunarmiðstöð Vesturlands)
- Ritari: Þórunn Grétarsdóttir (Mímir)
- Gjaldkeri: Vigdís Þyri Ásmundsdóttir (Framvegis)
- Meðstjórnandi: Björn Garðarsson (FA)
- Varamenn: Bergþóra Guðjónsdóttir (ASÍ) og Kjartan Jónsson (Múltíkúlti)

Haldnir voru fimm stjórnarfundir á tímabilinu.

2. Helstu verkefni og ákvarðanir

A. Fræðsludagskrá

Tvö fræðsluerindi voru skipulögð fyrir vorið:

- „Færni á vinnumarkaði“ (19. mars) – frestað
- „Velvirk – vellíðan á vinnustað“ (28. maí) – Guðrún Rakel Eiríkisdóttir, VIRK

B. Heimasíða og miðlun

Það hefur gengið brösuglega að uppfæra heimasíðuna og hefur verið ákveðið að:

- Guðrún Vala hafði samband við Aron um útlits- og efnisbreytingar.
- Rætt hefur verið um að stuðla að mánaðarlegum fréttum og tengja vefsíðuna og FB betur.

C. Umsóknir og tengsl

- Erasmus+ KA1: Ekki sótt um árið 2025 og einbeita okkur frekar að koma að innviðum félagsins.
- Styrkumsókn: Sótt um styrk til félags- og vinnumálaráðuneytisins til að uppfæra heimasíðuna en hann fékkst ekki.
- Málaflokkur framhaldsfræðslunnar fluttist frá vinnumálaráðuneytinu til mennta – og barnamálaráðuneytisins á tímabilinu.
- EAEA European Elections Lab: Félagsaðild greidd.

D. Aðalfundur og stjórnarbreytingar

- Dagsetning aðalfundar: 27. maí 2025.
- Vigdís hættir í stjórn.

3. Aðrar niðurstöður og verkefni

- Rætt um stækkun félagsins og nýja aðila.
- Þýðing EAEA Manifesto í styttri útgáfu.
- Baltic and Nordic Adult Education Umbrella Organisations - fundur í Tallinn, 12.–13. maí. Guðrún Vala fer fyrir hönd Leiknar.

4. Áskoranir og næstu skref

- Skortur á styrkjum tafði uppfærslu vef- og kynningarmála.
- Ákveðið að halda áfram með vef- og miðlunarvinnu, verkaskiptingu og virkni á samfélagsmiðlum.
- Virkja samtalið við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Helen Gray

Formaður

30/4/2025